with respect to the role they are to perform. This is the element of functionality. But neither technical knowhow nor experience of applications can determine the ultimate design of a building. This requires a conscious standpoint to be taken regarding its width, height and depth, proportions, rhythm. To determine the location of the doors and windows, decide the texture, colours, decoration. Here we encounter the creative, interpretative element, which formally was disciplined by definite proportions in visual art, by metrical rules."¹

In discussing the concept of time in architecture the obvious approach to the subject is through Vitruvius's definition of the three main elements of architecture. On closer examination it emerges that each element has a correspondence in a concept related to time: technique as *permanence*, utility as *consciousness* and art as *experience*. Despite the subjective nature of the association between these terms, it is useful in order to evince the different guises in which the concept of time appears in a manmade environment, cities and buildings.

PERMANENCE

As a rule, buildings are supposed to last longer than other works of man. In order to withstand the onslaught of time, they need to be built on a firm foundation, correctly constructed and from quality material. As material objects they must withstand the action upon them of water, wind, fire, the sun, temperature, change, use, earthquakes and attacks, to name a few factors.

Two opposing attitudes towards the permanence of buildings can be found in world architecture. One can be called the Western architectural tradition, whereby

nytjapátturinn. Hvorki tækniþekking né reynsla af nýtingu getur endanlega skorið úr um gerð húss. Til þess þarf að taka meðvitaða afstöðu til breiddar, hæðar og dýptar, til hlutfalla, til hrynjandi. Marka dyrum og gluggum endanlegan stað, ákveða áferð, liti, þrýða. Hér mætum við hinum skapandi, túlkandi þætti, sem áður fyrri var agaður af ákveðnum sjónlistalegum stærðarháttum, bragreglum.¹

Þegar fjalla á um tímahugtakið í húsagerð er nærtækt að nálgast viðfangsefnið út frá skilgreiningu Vitruvíusar um þrjá meginþætti byggingarlistar. Við nánari skoðun kemur í ljós að hver þáttur á sér samsvörun í tímategndu hugtaki: tækni sem *varanleiki*, not sem *vitund* og list sem *upplifun*. Þótt þessi tenging orða sé huglæg er hún gagnleg til að draga fram ólíkar birtingarmyndir tímahugtaksins í manngerðu umhverfi, borgum og byggingum.

VARANLEIKI

Hús eiga að öðru jöfnu að endast lengur en önnur mannanna verk. Til þess að standast tímans tönn þurfa þau að hvíla á traustri undirstöðu, vera rétt smíðuð og úr vönduðu efni. Sem efnislegir hlutir verða þau að þola álag vatns, vinda, elds, sólar, hitabreytinga, notkunar, jarðskjálfta og árása, svo nokkur atriði séu nefnd.

Í byggingarlist heimsins má finna tvö andstæð viðhorf til varanleika bygginga. Önnur hugmyndin er sú sem kenna mætti við byggingarhefð Vesturlanda, þar sem varanleiki húss byggist á óförgengileika þess efnis sem það er reist af. Í reynd þýðir þetta að byggt er úr ólifrænu jarðefni sem er höggvið, mótað og bundið saman með ýmsum aðferðum. Eðli steinhleðslu og steinsteypu gerir það að verkum að einstökum hlutum húss verður ekki útskipt með auðveldu móti; er sá efnislegi

den vestlige arkitekturtradisjon, hvor en bygnings varighet er basert på bygningsmaterialenes uforanderlige natur. Effekten av dette blir at en bygning er laget av døde naturmaterialer som er hugget, formet og satt sammen med forskjellige teknikker. Et resultat av blokkbyggingens og murbyggingens egenskaper, er at bygningens enkeltdeler ikke lett kan erstattes. I de fleste tilfeller er de materielle delene av det bevarte byggverket originale. Steinblokkene i de egyptiske pyramidene er de samme som faraoens slaver transporterte ved hjelp av sin tids teknikk og teknologi. Det samme gjelder for romerske buer og hvelvene i gotiske kirker; i disse tilfellene er det kvaliteten og holdbarheten i det originale materialet som bestemmer bygningens levetid.

Den andre oppfatningen om varighet kunne vi beskrive som den organiske arkitekturtradisjon. Der er jevnlig fornying av forgjengelig materiale den fremgangsmåten som brukes for å sikre bygningens eksistens. Japansk og kinesisk arkitektur inkluderer eksempler på hellige bygninger som har stått i århundrer på samme stedet og med de samme synlige kjennetegnene, selv om materialet som opprinnelig formet dem har blitt ødelagt gjennom tidens løp. Mer enn én gang har de brent ned til grunnen, og enkeltdeler har vært ødelagt av forvitring og slitasje. De har imidlertid øyeblikkelig blitt gjenoppbygget på akkurat samme måte, men av nye materialer. Fornyselsen av bygningen er på den måten en organisk prosess, på samme måte som den jevnlige fornyelsen av celler i kroppen hos dyr og mennesker. Denne prosessen sikrer den samme formens vedvarende eksistens, selv om de materielle partiklene den er konstituert av, vil forsvinne.

the permanence of a building is based on the immutable nature of the materials from which it is built. In effect this means that a building is made from dead earth materials which are carved, shaped and joined together using various techniques. One result of the nature of block-building and concreting is that individual sections of a building cannot easily be substituted. In most cases the material part of it which remains standing is original. The stone blocks of the Egyptian pyramids are the same ones that the Pharaohs' slaves transported there using the techniques and technology of their day. The same applies to Roman arches and the vaults of Gothic churches; in these cases it is the quality and durability of the original material which determines the lifetime of the building.

The other concept of permanence could be described as the organic architectural tradition. There, regular renewal of transitory material is the approach taken in order to ensure a building's existence. Japanese and Chinese architecture includes examples of sacred buildings which have stood for centuries in the same place and with the same characteristics of appearance, even though the material which originally formed them has been destroyed in the course of time. More than once they have burnt down to their foundations and individual parts have been destroyed by weathering and wear. However, they have immediately been rebuilt in exactly the same form, but from new materials. The renewal of the building is thus an organic process, like the regular renewal of cells in the bodies of humans and animals. This process ensures the continuing existence of the same form, even though the material particles constituting it may vanish.

In some cases this process of renewal

hlutur sem enn stendur því í flestum tilvikum sá sami og reistur var í upphafi. Steinarnir í stöllum egypsku píramítanna eru þeir sömu og þrælur faraóanna fluttu til með aðferðum og tækni þess tíma. Líkt má segja um rómverska boga og hvelvingar gotneskra kirkna; í þessum tilvikum eru það gæði og ending hins upphaflega efnis sem ákvarðar líftíma mannvirkisins.



*Píramíti í Egyptalandi/ Egyptian Pyramid/ Egyptisk pyramide
Ljósmynd/ photo/ foto:
Jóhanna Vílhelmsdóttir*

Hina hugmyndina um varanleika mætti kenna við lífræna (organíska) byggingarhefð. Þar er reglubundin endurnýjun forgengilegs efnis leiðin sem farin er til að tryggja tilvist mannvirkis. Í japanskri og kínverskri húsagerð má finna dæmi um helgar byggingar sem hafa staðið öldum saman á sama stað og með sömu útlitseinkennum, þó svo að efnið sem myndaði þær í upphafi hafi eyðst í tímans rás. Oftar en einu sinni hafa þær brunnið til grunna og einstakir hlutar eyðst sökum veðrunar og slits. Þær hafa þó jafnharðan verið endurbyggðar í nákvæmlega sömu mynd en úr nýju efni. Endurnýjun hússins er þannig lífrænt ferli, líkt og reglubundin endurnýjun fruma í líkama manna og dýra. Ferlið tryggir áframhaldandi tilvist sama formsins, enda þótt efnisagnirnar sem mynda það hverfi.



*Hefðbundin japanskt íbúðarhús / traditional Japanese house / tradisjonelt japansk hus
Ljósmynd / photo / foto: Ólafur Tr. Mathiesen*

I noen tilfeller har denne fornyelseprosessen en symbolsk verdi, som i Ise-templene i Japan hvor identiske bygninger oppføres ved siden av de eksisterende hvert 20. år. Etter at de hellige bildene har blitt flyttet i løpet av en høytidelig seremoni, blir de eldre bygningene demontert og bygningsstedet ryddet. Fundamentene venter på at nye bygninger skal reises påny etter 20 år. Ved hver eneste rekonstruerende handling, oppnår både solens og risens gudinne en fornyet energi som er nødvendig for å sikre livskraften og opprettholde kontinuiteten i den keiserlige familie og risavlingene.²

Íslensk arkitekturhistorie inneholder interessante eksempler på begge disse ideene om varighet. Landets arkitekturtradisjon skiller seg fra nabolandenes, i henhold til problemene med å finne permanente byggematerialer. Íslensk granitt var ubrukelig for hogging, sandstein og kalkstein var skjøre, og det var ikke forhold for å lage teglstein. På grunn av disse ufordelaktige forholdene for bygging av

has a symbolic value, as in the Ise temples in Japan where identical buildings are raised next to the existing ones every 20 years. After the holy effigies have been transferred from them during a solemn ceremony, the older buildings are dismantled and the site is cleared. The foundations wait for new buildings to rise there anew after 20 years. With each act of reconstruction, both the goddess of the sun and the goddess of rice acquire renewed energy which is necessary in order to ensure the force of life and maintain the continuity of the emperor's family and the rice harvest.²

Ícelandic architectural history includes interesting examples of both these ideas about permanence. Its architectural tradition differs from those of neighbouring countries, due to the difficulty of finding permanent building materials. Icelandic granite was unsuitable for carving, sandstone and limestone were scarce and there were no conditions for making bricks. Because of these unfavourable conditions for building stone houses, Icelanders chose to build using impermanent materials, timber and turf. It became a widely established custom to build houses with a supporting frame of wood and an exterior covering of turf. The roof rested on thick walls piled up from turf and uncarved rock. The Icelandic turf-building tradition is one of the clearest examples of an organic process found in European architectural history. The transitory nature of the materials meant that each building had to be rebuilt every quarter of a century. Rocks and intact timber supports could be reused, but more often than not new material needed to be added. Each farm comprised many separate buildings (units) which could be renewed in phases, given the short time in summer which was available for doing so. The farm as a whole

Í sumum tilvikum hefur endurnýjunin táknrænt gildi, líkt og í Ise-helgidómnum í Japan þar sem nákvæmlega eins byggingar eru reistar við hlið þeirra sem fyrir eru á tuttugu ára fresti. Eftir að hin helgu líkneski hafa verið flutt yfir í nýju bygginguna við hátiðlega athöfn eru eldri húsin tekin niður og byggingarstæðið hreinsað. Undirstöðurnar bíða þess að aftur risi nýjar byggingar að liðnum tuttugu árum. Með hverri endurbyggingu fá bæði sólgýðjan og hrisgrjónagyðjan endurnýjaðan kraft sem nauðsynlegur er til að tryggja lífskraft og viðhald keisarættarinnar og góða uppskeru.²

Íslensk byggingarlistarsaga geymir áhugaverð dæmi um báðar þessar hugmyndir um varanleika. Byggingarhefð landsins er ólík því sem gerist í nálægum löndum vegna þess hversu erfitt er að finna varanlegt efni til húsagerðar. Íslenskt grágrýti var óhentugt til steinhöggs, sandsteinn og kalk af skornum skammti og engin skilyrði til múrsteinsgerðar. Vegna óhagstæðra skilyrða til steinhúsagerðar kusu landsmenn að byggja hús sín úr forgengilegu efni, timbri og torfi. Sú hefð varð viðtekin að reisa hús með burðargrind úr tré sem klædd voru utan með torfþekju. Þakið hvíldi á þykkum, hlöðnum veggjum úr torfi og ótilhöggnu grjóti. Íslenska torfbyggingarhefðin er eitt skýrasta dæmi um lífrænt ferli sem finna má í evrópskri húsagerðarsögu. Sökum forgengileika efnisins varð að endurreisa hvert hús á aldarfjórðungs fresti. Steina og heillega burðarviði mátti endurnýta en oftast varð að bæta við nýju efni. Hver bær var samsettur úr mörgum sjálfstæðum bæjarhúsum (ciningum) sem unnt var að endurnýja í áföngum, enda gafst skammur tími til framkvæmda á hverju sumri. Bæjarheildin tók hægfarena breytingum í tímans rás í takt við efni og aðstæður. Vegna hins „lífræna“ byggingarferlis er erfitt að ákvarða með óyggjandi hætti

steinhus, valgte islendingene å bygge med ikke-permanente materialer, tømmer og torv. Det ble en godt etablert skikk å bygge hus med et reisverk av tre og et eksterior dekket av torv. Taket hvilte på tykke vegger bygget opp av torv og uhugget stein. Den islandske tradisjonen med å bygge med torv er et av de klareste eksempler på en organisk prosess som finnes i europeisk arkitekturhistorie. Materialenes foranderlige natur betydde at hver eneste bygning måtte bygges på nytt hvert kvarte århundre. Stein og intakte tømmerbjelker kunne bli brukt om igjen, men oftest var det behov for å tilføre nye materialer. Hver enkelt gård besto av mange separate bygninger (enheter) som kunne fornyes i faser, i løpet av den korte tiden på sommeren hvor det var mulig å gjøre dette. Gården som helhet gjennomgikk gradvise forandringer i tidens løp, som reflekterer bruken av materialer og lokale forhold. Den "organiske" byggeprosessen gjør det vanskelig å bestemme med noen form for sikkerhet det eksakte oppføringsår for noen av de torvhusene som fortsatt står, slik som den gamle gården ved Keldur i Rangárvellir og kapellet ved Núpsstaður i Skaftafellssýsla. Burde alderen til en slik bygning baseres på dens materialdel eller på den tiden den har stått på samme sted i en lignende form?

På midten av 1700-tallet ble det, på initiativ fra den kongelige kasserer Skúli Magnússon, gjort et forsøk på å bygge en permanent residens på øya Viðey av "landets egen stein".³ Viðeyjarstofa kan med rette kalles den første varige bygningen på Island, på den måten det forstås i vestlig tradisjon. Eksperimentering med steinbygging fortsatte på 1800-tallet, men det var egentlig ikke før introduksjonen av betong at islendingene oppnådde en økonomisk metode for å konstruere varige bygninger av landets egne materialer. Det har siden kommet for en dag at disse "per-

underwent gradual changes in the course of time, reflecting the materials used and local conditions. The "organic" building process makes it difficult to determine with any certainty the year of construction of some of the turf-built houses which are still standing, such as the old farm at Keldur in Rangárvellir and the chapel at Núpsstaður in Skaftafellssýsla. Should the age of such a building be based on its material parts or on the time it has stood in the same place in a similar form?

In the mid-eighteenth century, on the initiative of Royal Treasurer Skúli Magnússon, an attempt was made to build a permanent residence on Viðey island from "the land's own stone".³ Viðeyjarstofa can rightly be called the first permanent building in Iceland in the sense understood within the Western tradition. Experiments in stone-building continued in the 19th century but it was really not until the introduction of concrete that Icelanders acquired an economical method for constructing permanent buildings from domestic materials. It has since transpired that these "permanent" stone materials have turned out to be shorter-lived in the inclement Icelandic climate than had been hoped, and have proved more difficult to renew in practice than turf-built and timber-built houses. Problems which have arisen in concreted houses in Iceland in recent years, and may be attributed to poor workmanship and substandard materials, show that Vitruvius's basic rule about the permanence of buildings is just as valid today as in the time of the Romans.

byggingarár sumra þeirra torfhúsa sem enn standa, svo sem skálans á Keldum á Rangárvöllum og bænhússins á Núpsstað í Skaftafellssýslu. Ber að miða aldur slíks húss við efnislega hluta þess eða þann tíma sem það hefur staðið á sama stað með áþekku sniði?



Glaumbær, Skagafirði. Dami um íslenskan torfbæ. / An Icelandic turf farm, Lanfás, Eyjafjörður, N. Iceland. / En islandsk torvgård, Eyjafjörður, Nord-Island
Ljósmynd / photo / foto:
Pétur H. Armannsson

Um miðja 18. öld var að forgöngu Skúla Magnússonar landfógeta gerð tilraun til að reisa varanlegt íbúðarhús í Viðey úr „landsins eigin steini“.³ Viðeyjarstofa má með réttu kallast fyrsta varanlega byggingin á Íslandi í skilningi hinnar vestrænu hefðar. Tilraunir með smíði steinhúsa héldu áfram á 19. öld en það var í raun ekki fyrr en með tilkomu steinsteyppunnar að Íslendingar eignuðust hagkvæma aðferð til að reisa varanleg hús úr innlendu efni. Síðar hefur komið í ljós að hin „varanlegu“ steinefni hafa reynst forgengilegri en væntingar stóðu til í óblíðri veðráttu Íslands og endurnýjun þeirra erfiðari í framkvæmd en í torf- og timburhúsum. Vandamál sem upp hafa komið í steinsteyptum húsum á Íslandi á síðustu árum og rekja má til slælegra vinnubragða og gallaðs efnis sýna að grunnregla Vitruvíusar um varanleika bygginga er jafn gild í dag og hún var á tímum Rómverja.

manente" steinmaterialene har vist seg å være mer kortlivet i det barske islandske klimaet enn man hadde håpet, og de er i praksis påvist vanskeligere å fornye enn torv- og tømmerhusene. Problemer som har dukket opp i betonghus på Island de siste årene, og som kan skyldes dårlig håndverk og lav standard på materialene, viser at Vitruvius' grunnleggende regel om bygningers varighet er like gyldig i dag som i romertiden.

BEVISSTHET

Ved første inntrykk virker det vanskelig å knytte tidsbegrepet til Vitruvius' definisjon av bygningers funksjonalitet. Ikke desto mindre er den menneskelige oppfattelse av tiden, det være seg minnet fra en enkelt tidsperiode, eller de årlige, ukentlige eller daglige rutinemessige handlinger, nært knyttet til det stedet hvor hver enkelt handling utspiller seg. Det meste av hva vi foretar oss er på en eller annen måte knyttet til bygninger eller menneskeskapte steder; bygninger utgjør en ramme for våre daglige liv. Inne i bygningene kan vi se tiden passere gjennom våre egne liv: morgen, ettermiddag og kveld, og også årstidenes forandringer. Steder og bygninger assosieres med bestemte perioder i våre liv, og er med på å bevare minnene knyttet til dem. Deres atmosfære og utseende, resonans og lukt, gjenoppliver følelser fra fortiden med en sterkere virkning enn de fleste andre media.

Bygninger vekker inntrykk og påvirker våre sanser: syn, hørsel, lukt og følelse, oftest uten at dette er en bevisst persepsjon. Bygninger ER der – enten vi liker det eller ikke. De påvirker vår eksistens til alle døgnets tider. De kan ikke unngås eller skrues av. Derfor trenger de ikke bare å motstå tidens voldsomme angrep i teknisk forstand – finne seg i påvirkningen fra vær, vind og slitasje – men også som tanke-

CONSCIOUSNESS

On first impression it seems difficult to link the concept of time to Vitruvius's definition of the functionality of buildings. Nonetheless, human perception of time, whether this be the memory of an individual period of life or the routine actions of each year, week or day, is closely associated with the place which is the scene of any event. Most of what we do is linked to buildings or man-made places in one way or another; buildings form a setting for our daily lives. In them, we can see time passing in our own lives: morning, afternoon and evening, and also the changing of the seasons. Places and buildings are associated with specific periods of our lives and retain the memories connected with them. Their atmosphere and appearance, resonance and smell, reawaken the emotions of past times with a more powerful effect than most other media.

Buildings arouse impressions and act upon our senses: sight, hearing, smell and feeling, more often than not without this being a conscious perception. Buildings ARE there – whether we like it or not. They affect our existence at all times of the day. They cannot be avoided or switched off. Thus they not only need to withstand the onslaught of time in the technical sense – put up with the impact of weather, wind and use – but also as products of the mind and visual designs. The characteristic of a good building is that it stands up to repeated inspection and use: day after day, year after year, without losing its value. A building which is attractive on first impression can lose its value when repeatedly seen and even become completely intolerable in the course of time. Good architecture, however, is a way to make our lives more bearable.

VITUND

Erfitt virðist við fyrstu sýn að tengja tímahugtakið skilgreiningu Vitruvíusar um notagildi bygginga. Engu að síður er það svo að tímaskyn hvers manns, hvort heldur er minningin um einstök æviskeið eða venjubundnar athafnir hvers árs, viku eða dags, er nátengt þeim stað sem er vettvangur atburðarins. Flest af því sem við gerum tengist byggingum eða manngerðum stöðum á einn eða annan hátt; húsin mynda umgjörð um daglegt líf okkar. Í þeim skynjum við gang tímans í eigin lífi: morgun, síðdegi og kvöld, sem og breytileika árstíðanna. Staðir og hús tengjast ákveðnum skeiðum ævinnar og geyma minningar þeim tengdar. Andblær þeirra og ásýnd, hljómur og lykt, endurvekja tilfinningu liðinna tíma með áhrifaríkari hætti en flestir aðrir miðlar.

Byggingar vekja hughrif og orka á skynfæri okkar: sjón, heyrn, lykt og tilfinningu, oftast en ekki án þess að sú skynjun sé meðvituð. Húsin ERU þarna – hvort sem okkur líkar það betur eða verr. Þau hafa áhrif á tilvist okkar á öllum tímum sólarhrings. Undan þeim verður ekki vikist eða á þeim slökkt. Þau þurfa því ekki aðeins að standast tímans tönn í tæknilegum skilningi, þola álag veðurs, vinda og notkunar, heldur einnig sem hugverk og sjónræn hönnun. Einkenni góðrar byggingar er að hún stenst siendurtekna skoðun og notkun: dag eftir dag, ár eftir ár, án þess að missa gildi sitt. Hús sem er heillandi við fyrstu sýn getur misst gildi sitt við endurtekna skoðun og jafnvel orðið með öllu óþolandi með tímanum. Góð byggingarlist er hins vegar leið til að gera líf okkar bætilegra.

Borgum hefur verið líkt við bókfell sem hver kynslóð setur mark sitt á með nýbyggingum og breytingum á því umhverfi sem fyrir er. Framvinda þeirrar skráningar er oftast en ekki hægari en svo

produkter og visuelle former. En god bygning karakteriseres ved at den tåler gjentatt ettersyn og bruk: dag etter dag, år etter år, uten å tape sin verdi. En bygning som er tiltalende ved første øyekast kan miste sin verdi når den sees om og om igjen, og kan til og med bli fullstendig utålelig gjennom tidens løp. God arkitektur derimot, er en måte å gjøre våre liv enklere.

Byen har blitt sammenlignet med et manuskript, hvor hver generasjon setter igjen sine spor med nye bygninger og de forandringene de utgjør i forhold til de eksisterende omgivelsene. Utviklingen i denne dokumentasjonsprosessen er som regel for langsom til at vi legger merke til den. Bygninger forandres litt etter litt på grunn av vær og vind, slitasje og forurensning. Spillet mellom vær, lys og skygge på overflater og former gir hvert øyeblikk av deres tilværelse enestående.

Byer er i uopphørlig bevegelse. Bygninger kommer og går, deres utseende forvandles. Vi må holde øynene vid åpne for å kunne skjelne historiens årringer i våre daglige omgivers treverk. Denne aldringsprosessen rytme sees best ved å sammenligne fotografier fra ett og samme sted, tatt med jevne mellomrom over flere år eller tiår. Dagliglivets forgjengelige objekter – moteklær, biler, reklameskilt, gardiner, utstyr og husholdningsapparater – forandres oftere enn bygningene som danner en rolig bakgrunn for den mangfoldige tidsånden. På samme tid er hver enkelt bygning et frosset øyeblikk av den tidsånden som avlet dem; de bevitner kulturen til de menneskene som bygget dem, den tidens stilutvikling, verdier og smak.

ERFARING

Til nå har vi kommet frem til at vi oppfatter bygninger ikke bare med våre øyne, men også som lyder, overflate, tekstur,

Cities have been compared to a manuscript on which each generation leaves its mark with new buildings and the changes it makes to the existing environment. The progress of this process of documentation is as a rule too slow for us to notice. Buildings change gradually on account of weathering, wear and pollution. The play of weather, light and shadow upon surfaces and forms makes each moment in their existence unique.

Cities are in continuous flux. Buildings come and go, their appearance is metamorphosed. We need to keep our eyes wide open in order to discern the annual rings of history in the fibre of our everyday environment. The rhythm of this process can best be seen by comparing photographs of the same place, taken at intervals of several years or decades. The ephemeral objects of daily life – dress fashions, cars, billboards, curtains, equipment and household appliances – change more rapidly than the buildings which form a silent background to the multifarious spirit of the age. At the same time, each one is a frozen moment from the spirit of the age that begat them; they testify to the culture of the people who built them, the evolution of that age's style, values and taste.

EXPERIENCE

To reiterate, we perceive buildings not only with our eyes, but also as sounds, surface texture, temperature, humidity and smell. This fact shapes our artistic experience of architecture, which has often been defined as a journey in time and space. A building cannot be fully appreciated from just one angle or in a single moment. Architecture demands time and motion on the part of the observer, its magic is enshrined in the serial experiences in time and space which may be compared to a motion picture.

að við veitum henni eftirtekt. Hús breytast smátt og smátt vegna veðrunar, slits og mengunar. Leikur veðurs, ljóss og skugga við fleti og form gerir hvert augnablik í tilvist þeirra einstakt.

Borgir eru sífellt að breytast. Hús koma og fara, útlit þeirra tekur stakkaskiptum. Opin augu þarf til að greina áhringi sögunnar í hinu daglega umhverfi. Taktur þeirrar framvindu verður best greindur þegar bornar eru saman myndir af sama stað, teknar með nokkurra ára eða áratuga millibili. Hinir hverfulli hlutir daglegs lífs: fatatiska, bílar, skilti, gluggatjöld, tæki og búsaðhöld breytast örvar en húsin, sem mynda hljóðan bakgrunn fyrir margbreytileika tíðarandans. Jafnframt eru þau hvert um sig frosið augnablik þess tíðaranda sem gat þau af sér; þau vitna um menningu fólksins sem þau reisti, stilþróun, gildismat og smekk þess tíma.

UPPLIFUN

Eins og fram hefur komið skynjum við byggingar ekki aðeins á sjónrænan hátt heldur einnig sem hljóð, yfirborðsáferð, hita, raka og lykt. Þessi staðreynd mótar listræna skynjun okkar á byggingarlist sem oft hefur verið skilgreind sem ferðalag í tíma og rúmi. Byggingar verður ekki notið til fulls frá aðeins einu sjónarhorni eða á einu andartaki. Arkitektúr krefst tíma og hreyfingar áhorfandans, galdur hans felst í röð upplifana í tíma og rúmi sem líkja má við kvikmynd.

Í bók sinni, *Space, Time and Architecture* leitast svissneski listfræðingurinn Sigfried Giedion við að varpa ljósi á þá breytingu sem varð á hugmyndum manna um samspil tíma og rúms á fyrri hluta 19. aldar, þegar nýjar kenningar í stærðfræði sýndu fram á tilvist rýmis í fleiri en þremur víddum. Hugmynd gríska stærðfræðingsins Evklíðs (um 300. f.Kr.) um þrjár víddir rúmsins lá til grundvallar

temperatur, fuktighet og lukt. Denne stadfestelsen former vår kunstneriske opplevelse av arkitektur, som ofte har blitt definert som en reise i tid og rom. En bygning kan ikke bli fullt ut verdsatt fra bare en synsvinkel eller ett enkelt øyeblikk. Arkitektur krever tid og bevegelse fra betrakterens side, dens magi ligger skjult bak en serie opplevelser i tid og rom som kan sammenlignes med en spillefilm.

I sin bok *Rom, tid og arkitektur* forsøker den sveitsiske kunsthistorikeren Sigfried Giedion å sette søkelyset på forandringen som fant sted i forstillingene om spillet mellom tid og rom i den første halvdel av det 19. århundre, da nye matematiske teorier demonstrerte eksistensen av rom i mer enn tre dimensjoner. Begrepet om tredimensjonalt rom, slik den greske matematikeren Euklid (ca. 300 f. Kr.) fremla det, utgjorde fundamentet for ideer om rom i vestlig arkitektur og kunst helt frem til det 19. århundre. Det var også grunnlaget for perspektivbegrepet som kom til syne under renessansen. Med kubismens formale revolusjon tidlig i det 20. århundre, ga den stive perspektivkonstruksjonen etter for en annen type visuell og romlig forestilling, hvor det samme subjektet ble vist fra mange synsvinkler i ett og samme bilde. Giedion sporer en korresponderende forandring i arkitekturs rombegrep, som en følge av den byggeteknologiske revolusjonen på 1800-tallet, da innføringen av støttebjelker i stål og betong gjorde tykke, støttende yttervegger unødvendige. Da ble det mulig å la bygningenes ytre og indre rom smelte sammen i et integreert hele.⁴

Forestillingen om flytende åpne rom er fundamental for den formale revolusjonen som fant sted i arkitekturen i første halvdel av det 20. århundre, med fremveksten av modernismen i byggekunsten. Videre ble tiden, i følge Giedions analyse, den fjerde dimensjon i bygningers rom.

In his book *Space, Time and Architecture* Swiss art historian Sigfried Giedion attempts to shed light on the change which took place in notions of the interaction of time and space in the first half of the 19th century when new mathematical theories demonstrated the existence of space in more than three dimensions. The concept of three-dimensional space put forward by the Greek mathematician Euclid (ca. 300 B.C.) formed the foundation of spatial concepts in architecture and Western arts right up until the 19th century. It was also the basis for the concept of perspective which emerged during the renaissance. With the formal revolution of Cubism early in the 20th century, the fixed construction of perspective yielded to a different kind of visual and spatial concept, in which the same subject was shown in a single image from many simultaneous viewpoints. Giedion traces a corresponding change in spatial concept in architecture, following the revolution in building technology in the 19th century, when the introduction of structural supports made from steel and concrete made thick, supportive exterior walls unnecessary. Then it became possible to allow the exterior and interior space of buildings to merge into a single, integrated whole.⁴

The notion of the flow of open space is fundamental to the formal revolution which took place in architecture in the first half of the 20th century with the appearance of modernism in building. Furthermore, time became the fourth dimension in the space of buildings, according to Giedion's analysis. In his discussions of Villa Savoye (one of the best-known works of the architect Le Corbusier, built in 1928-30) he states that it would be impossible to understand this building from a single, delimited angle, since it is a construction in time no less than in space.⁵

rýmishugsun í arkitektúr og myndlist Vesturlanda allt fram á 19. öld. Á henni byggðist einnig hugmyndin um fjarviddarteikun (perspektív) sem til kom á tímum endurreisnarinnar. Með formbyltingu kúbismans snemma á 20. öld vék hin fasta bygging fjarviddarteikunar fyrir annars konar mynd- og rýmishugsun, þar sem sama viðfangsefnið var sýnt í einni mynd frá mörgum sjónarhornum samtímis. Á hliðstæðan hátt dregur Giedion upp mynd af breyttri rýmishugsun í arkitektúr í kjölfar tæknibyltinga í húsagerð á 19. öld, þegar tilkoma burðargrindar úr stáli og steinsteypu gerði þykka og efnismikla útveggi óþarfa. Þá varð unnt að láta ytra og innra rými bygginga renna saman í eina samþætta heild.⁴

Hugmyndin um flæði hins opna rýmis er meginatriði þeirrar formbyltingar sem varð í arkitektúr á fyrri hluta 20. aldar með tilkomu móðernismans í húsagerð. Jafnframt varð tíminn að fjórðu viddinni í rými bygginga samkvæmt greiningu Giedions. Í umfjöllun um Villa Savoye (eitt kunnasta verk arkitektsins Le Corbusier, sem var reist á árunum 1928–1930) komst hann svo að orði að útilokað væri að skilja húsið út frá einu afmörkuðu sjónarhorni, þar sem það væri bygging í tíma ekki síður en í rúmi.⁵



Villa Savoye, Poissy, Frakklandi/ France/ Frankrike, 1928-1930

Le Corbusier

Ljósmynd/ photo/ foto: Ólafur Tr. Mathiesen

I sin gjennomgang av Villa Savoye (et av de mest kjente arbeidene til arkitekten Le Corbusier, bygget i 1928-30) hevder han at det ville være umulig å forstå denne bygningen fra en enkelt, begrenset synsvinkel, siden det er like mye en konstruksjon i tid som i rom.⁵

Villa Savoye er en rektangulær form som er båret oppe av av pillarer. En vei-bane går under huset, inn på den ene siden og ut på den andre. Første etasje er gitt en buet form, bestemt ut fra kurvens radius i veibanen. Hovedinngangen leder opp til en rampe og inn i bygningens boligdel, som svever over bakken. Deler av etasjen er en hageveranda som er direkte knyttet til stuen. Langs den ene siden av hageverandaen fortsetter rampen opp på taket, hvor en buet vegg former et skjermet hagerom. Det hele utgjør en ramme for et storslagent utsyn mot nord, som åpner seg ut mot dalen hvor elven Seinen moter Poissy, vest for Paris. Bygningen er plassert i en rydning akkurat i skogkanten.



Denne bygningen oppleves som en fantastisk reise i tid og rom, hvor nye og uventede synsvinkler ustanselig avløser hverandre inntil et klimaks er nådd ved utsiktvinduet på taket. I sine tekster bruker Le Corbusier begrepet "promenade architecturale" for å beskrive den besøkendes vandring gjennom bygningen som en serie visuelle begivenheter, hvor hver enkelt tidsenhet har en bestemt sekvens, lengde og intervall, akkurat som

The Villa Savoye is a rectangular form supported by pillars. A roadway runs beneath the house on one side and out on the other. The ground floor is indented with a curved form determined by the radius of the bend in the roadway beneath the building. Its main entrance leads on up a ramp and into the residential part of the building, which hovers above the ground. Part of the floor is a garden veranda directly connected to the sitting room. Along one side of it the ramp continues up on to the roof, where a curved wall forms a sheltered garden space. There is a small hole in the wall which comes into view when one walks up the top part of the ramp. The hole creates a frame for the magnificent view to the north, opening onto the valley where the river Seine flows in Poissy, west of Paris; the building is situated in a clearing in the forest on its edge.



This building is experienced as a fantastic journey in time and space, in which ever changing and unexpected viewpoints take over from each other, until a climax is reached at the viewing window on the roof. In his writings, Le Corbusier uses the concept "promenade architecturale" to describe the observer's journey through the building as a series of visual events, each having a specific sequence, length and interval in units of

Savoye-húsið er teningslaga form sem borið er uppi af súlum. Akstursbraut liggur inn undir húsið öðrumegin og út frá því hinumegin. Jarðhæðin er inndregin og sveigmyndað form hennar ræðst af beygjuradius akstursleiðarinnar undir húsinu. Frá aðalinngangi liggur leiðin upp skábraut og inn í íbúðarhluta hússins, sem svífur yfir jörðu. Hluti hæðarinnar er garðverönd í beinu framhaldi af stofunni. Með einni hlið hennar liggur hallabrautin áfram upp á þak hússins, þar sem sveigður skjólveggur myndar skjólsælt garðrymi. Lítið op er á veggnum sem blasir við þegar gengið er upp efsta hluta hallabrautarinnar. Ópið myndar ramma um tilkomumikið útsýni til norðurs, þar sem við blasir árdalur Signu í Poissy, vestan Parísar, en húsið situr í skógarrjóðri við brún dalsins.



Villa Savoye, Poissy, Frakklandi/ France/ Frankrike, 1928-1930

Le Corbusier

Ljósmyndir/ photos/ foto: Ólafur Tr. Mathiesen

Áhorfandinn upplifir húsið sem ævntýralegt ferðalag í tíma og rúmi, þar sem sibreytileg og óvænt sjónarhorn taka við hvert á eftir öðru, uns hámarki er náð við útsýnisgluggann á þakinu. Í skrifum sínum notar Le Corbusier hugtakið „promenade architecturale“ til að lýsa ferðalagi áhorfandans um húsið sem röð sjónrænna viðburða, sem eiga sér ákveðna röð, lengd og millibil í tímaeiningum talið, líkt og kaflar í tónverki. Þannig dregur hann upp

passasjer i musikkstykker. På den måten trekker han en klar parallell mellom forestillingene om tid i musikken og i arkitekturen.⁶

Ideen om en markert gangvei gjennom bygningen er tilstede i de fleste av Le Corbusiers arbeider. Ideens opprinnelse tror man ligger i hans første opplevelse av å gå opp til Parthenon i Athen, under hans velkjente reise til Østen tidlig i karrieren. Denne passasjen opp til helligdommen på fjellet forårsaket mye senere et av hans aller mest kjente arbeider, pilgrimskapellet i Ronchamp (1950-54). En av de første gangene denne ideen dukker opp i en interiørplan er i La Roche-huset i Paris fra 1923. Den som går inn i denne bygningen, ser det samme inngangsrommet fra forskjellige synspunkter på sin vei gjennom huset, som blant annet går over en buet rampe langs den ene siden av stuen. Ramper spilte en viktig rolle i mange av hans senere arbeider, inkludert Carpenter Visual Arts Center ved Harvard-universitetet (1963), hvor studentenes gangvei fra universitetsområdet går over en svevende bro gjennom bygningens sentrum.

Tradisjonell japansk arkitektur avdekker en forestilling om forholdet mellom rom og tid som er totalt annerledes enn den vestlige oppfatningen av de samme begrepene. Der blir det samme begrepet, "MA", brukt likestilt for å fortolke den normale distansen mellom to parallelle objekter i rom og tidslengden mellom to korresponderende hendelser. Mens folk i vestlige land er vant til å bruke universelle og absolutte måleenheter, har japanerne i århundrer definert tid og rom som intervallet mellom to hendelser eller objekter. Innrettet deretter, var intervallet mellom soloppgang og solnedgang delt opp i seks like deler, som ble lengre eller kortere i henhold til årstidenes forandringer. Da vestlige klokker for første gang nådde Ja-

pane, like passages in a work of music. Thus he draws a clear parallel between the concepts of time in music and in architecture.⁶

The idea of a marked path for walking through the building is prominent in most of Le Corbusier works. Its origin is thought to lie in his first experience of walking up the Parthenon in Athens on his well-known journey to the Orient early in his career. The passage up to the sacred site on the mountain gave rise much later to one of his best-known works, the Pilgrims' Chapel in Ronchamp (1950-54). One of the first times this idea appears in an interior layout is in the La Roche house in Paris from 1923. The person entering it sees the same entrance space from numerous viewpoints on his way through the house, which among other things lies up a curved ramp along one side of the living room. Ramps played an important role in many of his later works, including the Carpenter Visual Arts Center at Harvard University (1963), where the students' walkway from the campus passes along a hovering bridge through the centre of the building.

Traditional Japanese architecture reveals a notion of the relationship between space and time which is completely different from the Western sense of the same concepts. There, the same concept, "MA", is used equally for interpreting the normal distance between two parallel objects in space and the length of time between two connected events. While people in western countries are accustomed to using universal and absolute units of measurement, for centuries the Japanese have defined time and space as the interval between two events or objects. Accordingly, the interval between sunrise and sunset was divided into six equal parts, which became longer or shorter with the changing of the seasons. When Western

skýra samlíkingu með tímahugtaki tónlistar og byggingarlistar.⁶

Hugmyndin um markaða gönguleið áhorfandans um bygginguna er áberandi í flestum verkum Le Corbusier. Hún er talin eiga rætur sínar í fyrstu reynslu hans af göngu upp á Parthenonhæð í Aþenu í kunnuférlagi til Austurlanda snemma á ferli hans. Gangan upp að helgidómnum á fjallinu varð löngu síðar rót að einu kunnasta verki hans, pílgrímakapellunni í Ronchamp (1950-1954). Í innra skipulagi bygginga birtist hugmyndin einna fyrst í húsi LaRoche í París frá árinu 1923. Áhorfandinn litur sama inngöngurýmið frá fjölmörgum sjónarhornum á leið sinni um húsið, sem meðal annars liggur upp sveigða skábraut með annarri hlið stofunnar. Skábrautir gegndu mikilvægu hlutverki í mörgum seinni verkum hans, m.a. í Carpenter-sjónlistamiðstöðinni við Harvardháskóla (1963), þar sem gönguleið stúdenta á háskólasvæðinu liggur um svífandi brú í gegnum miðju hússins.

Í hefðbundinni byggingarlist Japana birtist hugmynd um samband rýmis og tíma sem er geróflík skilningi Vesturlandabúa á sömu hugtökum. Þar er sama hugtakið, „MA“, notað jöfnum höndum til að túlka eðlilega fjarlægð milli tveggja samstæðra hluta í rými og tímalengd milli tveggja samtengdra viðburða. Á meðan Vesturlandabúum er samt að nota algildar og óbreytanlegar mæliciningar hafa Japanir öldum saman skilgreint tíma og rými sem bil milli tveggja atburða eða hluta. Samkvæmt því var tímabilinu milli sólríss og sólarlags skipt í sex jafna hluta, sem lengdust og stytust í takt við sveiflur árstíðanna. Þegar vestrenar klukkur bárust fyrst til Japans á 16. öld var gangverki þeirra breytt til samræmis við þessa aldagömlu hefð. Á sama hátt er hefðbundinn skilningur Japana á rými í grundvallaratriðum ólíkur hugmynd Descartes um rúmið sem

pan på 1500-tallet, ble mekanismen endret for å passe inn i denne mange århundrer gamle tradisjonen. Den japanske følelsen for rom er på samme måte fundamentalt forskjellig fra den cartesianske ideen om rom som en uendelig og abstrakt tomhet, som er oppdelt i et rektangulært system av koordinater av en helt presis måleenhet.⁷

Sist men ikke minst, så dukker ideen om tiden opp i våre opplevelser av bygninger som et vitnesbyrd om opphavsmannens kreative arbeide. Formgivning bærer vitne om den stilistiske utviklingen, opplevelser og modenhet hos den som skapte verket. Byggverkene tidssekvens, og de interne sammenligningene mellom dem virker inn på vår forståelse av hver enkelt, i tillegg til at det gir et inntrykk av opphavsmannens totale prosess på veien til modenhet. På samme måte bærer hver enkelt bygning vitne om opphavsmannens persepsjon av tid, samt hans holdning til historiens utvikling, slik den er båret frem av velkjente stilistiske begreper som for eksempel renessanse, revival, historisme, eklektisisme og futurisme. Bak de stilistiske begrepene for hver periode ligger en definert verdisystem, ofte med en underliggende oppfatning om at arkitekturen fra én tidsperiode er viktigere og mer verdt enn andre, som en modell for samtiden. Beslektet med dette er kravet om at hver enkelt bygning burde være et troverdig vitnesbyrd fra den tiden den var bygget i, som så sterkt formet de modernistiske arkitektens holdning til egne og andres arbeider. Derfor har stilistiske konflikter i arkitekturen oftest vært basert på talsmennenes forskjellige holdninger til fortid, nåtid og fremtid.

clocks first reached Japan in the 16th century, their mechanism was changed to fit in with this centuries-old tradition. In the same way, the traditional Japanese sense of space is fundamentally different from the Cartesian idea of space as an infinite and abstract emptiness which is divided up with a rectangular system of coordinates state in precisely defined units of measurement.⁷

Last but not least, the concept of time appears in our experience of buildings as a testimony to the creative work of an author. Design bears witness to the stylistic evolution, experience and maturity of the author who created the work. The time sequence of works and internal comparisons among them has an effect on our understanding of each one, as well as giving an impression of the author's entire process of reaching maturity. In the same way, each building bears witness to its author's perception of time and his attitude to the progress of history, as borne out by familiar stylistic concepts such as renaissance, revival, historicism, eclecticism and futurism. Behind the stylistic concepts of each period lies a definite system of values, often with the underlying opinion that the architecture of one period of the time is more remarkable and worthier as a contemporary model than others. Related to this is the demand that each building should be a credible testimony to the time it was built, which so strongly shaped the attitude of modernist architects towards their own work and that of others. Thus stylistic conflicts in architecture have more often than not been grounded in their advocates differing attitudes towards the past, present and future.

óendanlegt og óhlutbundið tóm sem reitað er niður með réttthyrndu hnitakerfi nákvæmt skilgreindra mælieininga.⁷

Síðast en ekki síst kemur tímahugtakið við sögu í upplifun bygginga sem höfundarverks. Hönnunin vitnar um stílþróun, reynslu og þroska þess höfundar sem verkið skóp. Tímaröðun og innbyrðis samanburður verka hefur áhrif á skilning okkar á hverju þeirra um sig, auk þess að gefa mynd af þroskaferli höfundarins. Á sama hátt vitnar hver bygging um tímaskyn höfundarins og afstöðu hans til framvindu sögunnar. Til marks um þetta eru alkunn stílhugtök á borð við renaissance (endurreisn), revival (endurvakningu), historicism (sögustíl), eclecticism (úrvalsstefnu) og futurism (fútúrisma). Að baki stílhugsun hvers tímabils liggur ákveðið gildismat, sem oftast felur í sér þá skoðun að húsagerð eins tímabils úr fortíðinni sé merkari og verðugri sem fyrirmynd í samtímanum en einhver önnur. Af sama meidi er krafan um að hver bygging sé sannverðugur vitnisburður um samtíma sinn, sem svo mjög mótaði afstöðu arkitekta módernismans til eigin verka og annarra. Þannig hafa átök um stíl í byggingarlist oftar en ekki átt rætur í ólíkri afstöðu deilenda til fortíðar, nútíðar og framtíðar.

Noter:

- 1 Hörður Ágústsson, *Íslensk byggingararfleið I. Ágrip af húsaagerðarsögu 1750-1940*, Reykjavík, 1998, s. 13
1998, s. 13
- 2 Coogan, Michael D., *Illustrated Guide to World Religions*, Oxford, 1998, s. 258
